

Mál nr. 73/2005

M

Vátryggingafélagið V h.f. vegna líftryggingar Í
Ágreiningur um hvort líftryggingartaki hafi sinnt upplýsingaskyldu.

Gögn.

1. Málskot móttakið 12.4.2005. ásamt fylgiskjölum 1-9
2. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna nr. 873/2005
3. Bréf V dags. 27.4.2005. ásamt fylgiskjölum 1-3

Málsatvik.

Eftirlifandi eiginmaður Í, M krefst tryggingarbóta úr líftryggingu Í, en Í andaðist fyrri hluta árs 2004. V hafnar bótaskyldu á þeim forsendum að Í hafi leynt V mikilvægum upplýsingum um heilsufar sitt við tryggingartöku. Lögmaður M bendir á að Í hafi verið seld líftrygging í maí 1993 og skilmálar ekki útskýrðir á nokkurn hátt eða gert grein fyrir skyldum tryggingartaka. Því er haldið fram af hálfu M að Í hafi verið í góðri trú varðandi upplýsingagjöf sína og á það bent að Í hafi andast um 11 árum eftir töku tryggingarinnar. Af hálfu M er því haldið fram að Í hafi verið í góðri trú. Þá er því einnig haldið fram að þeir sjúkdómar sem að Í steðjuðu árið 1993 þegar tryggingin var tekin hafi verið þess eðlis að þeir hefðu ekki átt að leiða hana til dauða. Þá er á það bent að dánarorsök sé ótengt þeim sjúkdómum sem að tryggingartaka steðjuðu árið 1993. Af hálfu V er því haldið fram að Í hafi leynt félagið mikilvægum upplýsingum um heilsufar sitt við tryggingartöku, á þeim forsendum að upplýsingagjöfin sé röng og með vísan til 4-6 gr. l. nr. 20/1954 vátryggingarsamningalaga hafnar V að greiða bætur úr líftryggingu. V mótmælir að sölumaður tryggingar hafi ekki gefið nauðsynlegar upplýsingar við tryggingartöku. V rekur síðan að hvaða leyti upplýsingagjöf Í hafi ekki verið fullnægjandi. Af hálfu V er því haldið fram að vátryggingabeidni Í hefði ekki verið samþykkt af hálfu V hefði Í skýrt rétt frá í svörum við spurningum um heilsufar sitt.

Álit.

Fyrir liggur að Í gaf ekki réttar upplýsingar um heilsufar sitt þegar hún undirritaði beiðni um líftryggingu hjá V þ.18.5.1993. Með hliðsjón af 6.gr. laga nr. 20/1954 vátryggingasamningalaga er bótaréttur úr líftryggingunni ekki fyrir hendi.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr líftryggingu Í hjá V.

Reykjavík 17.5.2005.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.